

Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2022

Tilvísun PÍ: 2022011177/5.9.0

Efni: Umsögn Pjódskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum nr. 31/1993, 163 mál.

Pjódskrá Íslands vísar til erindis Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 10. janúar sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum nr. 31/1993, þingskjal 165 - 646 mál er sent til umsagnar. Athugasemdir stofnunarinnar fara hér á eftir.

Með frumvarpinu er m.a. lagðar til breytingar á undanþáguheimild varðandi lágmarksaldur hjónaefna, könnun hjónavígsluskilyrða og tilfærslu verkefna frá ráðuneyti til sýslumanna.

Pjódskrá Íslands fagnar þessum áformum og telur breytingarnar til þess fallnar að auka samræmi í verklagi við staðfestingu hjúskaparskilyrða, og hjúskapar sem fram fer erlendis. Einnig telur stofnunin þá breytingu sem lögð er til varðandi að fella niður undanþágu fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára að ganga í hjúskap, tímabæra þar sem sú undanþága hefur ekki verið nýtt að neinu ráði í mörg ár.

Í upphafi er rétt að koma inn á hlutverk Pjódskrár Íslands skv. lögum. Stofnunin starfar m.a. eftir lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2018. Samkvæmt þeim ber stofnuninni að skrá hjúskaparstöðu einstaklinga í Pjódskrá. Svo unnt sé að skrá hjúskaparstöðu einstaklinga í Pjódskrá tekur stofnunin á móti staðfestingu á hjúskap þeirra, hvort sem stofnað hafi verið til hans hérlendis eða erlendis. Á grundvelli þeirra staðfestinga skráir stofnunin hjúskap í Pjódskrá.

Frumvarpið verður ekki skilið á annan veg en að þegar svo háttar til að annað, eða bæði, hjóna hafi verið á aldrinum 16 til 18 ára þegar stofnað var til hjúskapar eigi Pjódskrá Íslands að vísa slíkum tilfellum til sýslumanns sem úrskurðar og staðfestir hvort hjúskapurinn teljist viðurkenndur hérlendis og eigi þar með að skrá í Pjódskrá. Sé litið til 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins að hjón sem gengið hafa í hjúskap erlendis eigi rétt að fá hann viðurkenndan hér á landi, að því gefnu að hann gangi ekki í bága við grunnreglur íslenskrar réttarskipunar eða allsherjarreglu er varðar gildi hjúskapar sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. skulu hjón sem óska viðurkenningar og skráningar á hjónavígslu sem hefur farið fram erlendis skulu beina erindi sínu til Pjódskrár Íslands. Sé einhver vafi til staðar um gildi fyrir skráningu hjónavígslunnar skv. 2. og 3. mgr. 5. gr. skal Pjódskrá Íslands beina málinu til sýslumanns sem úrskurðar um skráningu hjónavígslu. Verður ákvæðið ekki skilið á annan veg að vísa eigi tilvikum til sýslumanns þegar um er að ræða, annars vegar, hjón eða annað þeirra er á aldrinum 16 -18 ára, og hins vegar þegar grunur vakni um sé að ræða svokallað „fulltrúabrúðkaup“.

Í frumvarpinu er kveðið á með skýrum hætti að ef synjað er viðurkenningar á hjónavígslu sem framkvæmd er erlendis hafi hjúskapurinn enginn bein réttaráhrif hér á landi. Rétt er að geta þess að í tilfellum einstaklinga sem hafa gengið í hjúskap erlendis á aldrinum 16-17 ára hefur verklag stofnunarinnar verið að skrá einstaklingana ógifta og í sambúð og

Pjódskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

515 5300
skra@skra.is

skra.is

skrá forsjá barna, ef þau eiga börn saman, sameiginlega. Einstaklingarnir eru ávallt upplýstir um þessa skráningu

Þjóðskrá Íslands fagnar því að útgáfa könnunarovottorða verði eingöngu hjá sýslumannsembættum, slíkt mun leiða til mun samræmdari könnunar hjúskaparskilyrða. Það myndi leiða til enn frekari samræmingar ef að það verkefni yrði falið aðeins einu sýslumannsembætti. Það sama gildir varðandi úrskurði um gildi hjúskapar sem fram fór erlendis, sé það gert hjá aðeins einu embætti þá muni það leiða til samræmdari úrskurða og niðurstaðna í slíkum málum.

Þjóðskrá Íslands getur, sé þess óskað, mætt á fund Allsherjar- og menntamálanefndar og skýrt umsögn þessa nánar.

Að öðru leyti vísar þjóðskrá Íslands á umsögn sína dags. 29. apríl 2021, 151. löggjafarþing 2020-2021, þingskjal 1113– 646. mál. um sama efni.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Indriði Björn Ármannsson
lögfræðingur

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

515 5300
skra@skra.is

skra.is

👤 Fólki 🏠 Fastelgirnir